

Ed.

311. Frumvarp til laga

[235. mál]

um breyting á lögum nr. 77/1979, um Háskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

1. gr.

1. málsg. 9. gr. orðist svo:

Í Háskóla Íslands eru þessar deildir: Guðfræðideild, læknadeild, lagadeild, heimspeki-deild, verkfræðideild, viðskiptadeild, tannlæknadeild, félagsvísindadeild og raunvísinda-deild.

2. gr.

Við 11. gr. bætist ný málsgrein, er orðist svo:

Háskólaráð getur lagt til að forstöðumaður háskólastofnunar sé fluttur í prófessors-embætti skv. nánari ákvæðum í reglugerð.

3. gr.

2. málsg. 18. gr. orðist svo:

Rektor á rétt á að vera leystur að fullu undan stöðu sinni sem prófessor, meðan hann gegnir rektorsembættinu. Rektor gerir að fenginni umsögn deildar tillögu til menntamálaráðherra um hvern setja skuli í stöðuna.

4. gr.

19. gr. orðist svo:

Rektor getur með samþykki deildarforseta veitt kennurum leyfi í bili frá störfum, allt að fjórum vikum, svo og tilflutning á skyldustörfum innan háskólaársins. Endranær er menntamálaráðherra heimilt, með samþykki rektors að fenginni umsögn háskóladeildar, að veita kennara leyfi frá störfum að hluta eða að öllu leyti um tiltekinn tíma. Kennari sá, er sækir um leyfi í eitt ár eða skemur, getur tilnefnt kennara í sinn stað með samþykki háskóladeildar í þeim tilvikum, þegar leyfið í heild varir eigi lengri tíma en eitt ár. Vari leyfi lengur en eitt ár, skal háskóladeild taka afstöðu til þess, hvernig með stöðuna skuli fara, og gera um það tillögu til ráðherra.

5. gr.

Á eftir 1. mgr. 36. gr. laganna komi ný málsgrein er hljóði svo:

Háskólanum skal heimilt með samþykki háskólaráðs og menntamálaráðherra að eiga aðild að sameignarfélögum, hlutafélögum og sjálfseignarstofnunum sem stunda rannsókn- og þróunarstarfsemi eða framleiðslu og sölu tengda slíkri starfsemi.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Deildaskipting sú sem kveðið er á um í 1. gr. skal koma til framkvæmda frá 15. september 1985 að telja.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta um breyting á gildandi lögum um Háskóla Íslands er flutt að fengnum tillögum háskólaráðs. Meginbreytingarnar sem frv. gerir ráð fyrir eru þessar:

1. Verkfræði- og raunvísindadeild er skipt í tvær sjálfstæðar háskóladeildir.
2. Heimild í gildandi lögum til að flytja lektor úr lektorstöðu í dósentstöðu samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð er víkkuð þannig, að hún taki einnig til flutnings forstöðumanns háskólastofnunar í prófessorsembætti.
3. Opnuð er leið fyrir háskólann til að eiga aðild að rekstrarfélögum eða stofnunum sem stunda rannsókn- og þróunarstarfsemi og þar með til að stofna „þróunarmiðstöð“ við Háskóla Íslands.

Aðrar breytingar eru minni háttar og að nokkru til samræmis við þá framkvæmdarþróun sem orðið hefur í stjórnslu háskólans.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Ákvæði þessarar gr. fela í sér þá breytingu, að verkfræði- og raunvísindadeild er skipt í tvær deildir, verkfræðideild og raunvísindadeild. Breyting í þessa átt hefur verið að þróast undanfarin ár, enda deildin stór og sérsvið mörg. Samkvæmt gildandi reglugerð fyrir Háskóla Íslands skiptist verkfræði- og raunvísindadeild eftir fræðigreinum í eftirtaldar skorir: Stærðfræðiskor, eðlisfræðiskor, efnafræðiskor, byggingaverkfræðiskor, véla- og skipaverkfræðiskor, rafmagnsverkfræðiskor, líffræðiskor og jarðfræðiskor. Verkfræðinámið myndar eðlilega heild út af fyrir sig, þótt sjálfstæð verkfræðideild mundi áfram sækja kennslu í ýmsum grunngreinum til raunvísindadeildar.

Skipting deildarinnar hefur ekki sjálfkrafa í för með sér umtalsverðan kostnaðarauka. Deildarforsetum fjölgar um einn, en laun fyrir þann starfa koma fram í nokkuð auknum stjórnunarþætti í starfsskyldu hlutaðeigandi prófessors. Gera má ráð fyrir, að fljótlega verði þörf á einhverri aukningu starfslíðs deildanna tveggja, en tæplega meiri en hvort sem er yrði vegna vaxandi umfangs verkfræði- og raunvísindadeildar í núverandi mynd.

Um 2. gr.

Í gildandi lögum um Háskóla Íslands (11. gr., 6. málgr.) er kveðið á um, að heimilt sé að flytja lektor úr lektorstöðu í dósentstöðu, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Reglugerðarákvæðin sem sett hafa verið um slíkan stöðuflytning (rg. nr. 78/1979, 20. gr., 5. málgr.) eru á þessa leið:

„Heimilt er að flytja kennara úr lektorstöðu í dósentstöðu. Deild eða námsbraut skal hafa frumkvæði um slíka stöðuhækkun. Lektor, sem setið hefur í stöðu sinni í fimm ár, á rétt til þess, að deild hans eða námsbraut eigi frumkvæði að stöðuhækkun honum til handa. Háskólaráð skal hverju sinni skipa dómnefnd til að dæma um hæfi lektorsins til þess að gegna dósentstarfinu. Skal deild eða námsbraut tilnefna einn dómnefndarmann, og er hann formaður nefndarinnar, menntamálaráðherra tilnefnir annan, og hinn þriðja skipar háskólaráð án tilnefningar. Um hæfi dómnefndarmanna gilda sömu reglur og við dómnefndarskipun við ráðstöfun lausra starfa. Dómnefndin skal ljúka störfum innan tveggja mánaða frá skipun. Skal hún láta uppi rökstutt álit um það, hvort af störfum lektorsins við háskólann og af fyrra ferli hans megi ráða, að hann sé hæfur til þess að gegna dósentstarfinu. Að fengnu álitu deildar eða námsbrautar gerir háskólaráð tillögu til menntamálaráðuneytisins um afgreiðslu málsins. Ekki er heimilt að flytja lektorinn í dósentstarf, nema dómnefndin segi berum orðum, að hann sé til þess hæfur.“

Eins og reglugerðarákvæðin bera með sér er stöðuflytningur af því tæi sem hér um ræðir bundinn þröngum skilyrðum og þannig um hnútana búið, að lagðar séu til grundvallar sambærilegar hæfniskröfur og þegar um er að tefla auglýsta dósentsstöðu.

Í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir, að sams konar heimild og nú er í gildi um stöðuhækkun lektora verði látin taka til forstöðumanna háskólastofnana, og þá til flytninga í prófessors-embætti. Setja yrði í reglugerð ákvæði um slíkan stöðuflytning sem tryggðu, að hann yrði háður jafnströngum hæfniskröfum og gerðar eru til þeirra sem sækja um laust prófessors-embætti.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir að skýrt verði kveðið á um, að háskólarektor eigi rétt á að vera leystur frá öllum starfsskyldum prófessors meðan hann gegnir rektorsembætti. Er það í samræmi við framkvæmd, enda rektorsembættið löngu orðið það viðamikið að ekki orkar tvímælis að það sé fullt starf. Jafnframt þykir rétt að kveða á um, að viðkomandi háskóladeild eigi hlut að máli þegar annar maður er settur til að gegna prófessorsembætti rektors.

Um 4. gr.

Meðal annars í samræmi við lengingu orlofs er rektor veitt heimild til að veita kennurum leyfi frá störfum í fjórar vikur í stað þriggja. Enn fremur er rektor heimilað að leyfa kennurum tilfærslu á skyldustörfum innan háskólaársins, þ. e. milli rannsóknar, kennslu og stjórnunar. Er þetta í samræmi við reglur um vinnuskyldu sem samþykktar hafa verið eftir að gildandi lagaákvæði voru upphaflega sett.

Um 5. gr.

Um nýmæli það sem fjallað er um í þessari grein fylgdi frá Háskóla Íslands svofelld greinargerð:

„Samstarf Háskóla Íslands við fyrirtæki og ýmsar stofnanir utan hans fer vaxandi.

Einnig er unnið að fjölmörgum rannsóknarverkefnum innan háskólans og hátækniönd- aður verður ekki eflur á Íslandi nema með því að virkja þá þekkingu sem háskólakennarar búa yfir.

Þeir kostir sem eru tengdir því að stofna þróunarmiðstöð við Háskóla Íslands eru þessir:

1. Miðstöðin yrði andlit skólans út á við.
2. Hún annaðist gerð samninga um þjónustu- og þróunarverkefni við aðilja innan og utan skólans. Tekið skal fram að eftir sem áður yrði stofnunum háskólans frjálst að semja beint við aðilja utan skólans.
3. Þróunarmiðstöðin starfaði á viðskiptalegum grundvelli og leitað verður eftir þátttöku fyrirtækja í starfsemi hennar. Með því móti fengist áhættufé til starfseminnar.
4. Þróunarmiðstöðin gæti selt framleiðsluleyfi eða gerst aðili að fyrirtækjum sem annast framleiðslu eða sölu tengda starfsemi hennar.
5. Þróunarmiðstöðin gæti tekið lán til verkefna án afskipta ráðuneyta.
6. Fáist lagaheimildin eru tekin af tvímæli með skattfrelsi háskólans af starfsemi miðstöðvarinnar og fyrirtækja þeirra annarra er háskólinn ætti aðild að.

Tekið skal fram að gert er ráð fyrir að þróunarmiðstöðin heyri undir háskólaráð og allar meiri háttar ákvarðanir verði háðar samþykki þess.“

Einnig skal vísað til greinarinnar „Um samstarf háskóla við fyrirtæki og sveitarfélög“ eftir dr. Guðmund Magnússon, háskólarektor, sem prentuð er sem fylgiskjal með frv.

Um 6. gr.

Eðlilegt þykir, að skipting verkfræði- og raunvísindadeildar í tvær deildir komi til framkvæmda við upphaf nýs háskólaárs, þ. e. 15. september 1985.

Fylgiskjal.

Um samstarf háskóla við fyrirtæki og sveitarfélög.

(Meginefni greinar eftir dr. Guðmund Magnússon, háskólarektor, er birtist í ritinu **Skipulagsmál höfuðborgarsvæðisins 1984.**)

Í kjölfar olíukreppunnar upp úr 1970 og minnkandi framleiðni í iðnaði varð fyrirtækjum enn ljósara en áður hve nauðsynlegt er að hafa gott samstarf við háskóla og aðrar rannsóknarstofnanir ef takast á að keppa á alþjóðamarkaði á sviði hátækniiðnaðar. Einnig hafa sveitarfélög lagt sitt af mörkum til að efla samvinnu af þessu tagi í því skyni að auka tekjur og atvinnu. Segja má að við allfesta stærri skóla í Bandaríkjunum séu komnar tæknipróunarmiðstöðvar. Sömu sögu er að segja um Evrópu. Sérstaklega í Bretlandi og á Norðurlöndum hafa risið „vísindagarðar“. Það er því ekki furða að þessi mál séu til umræðu hér á Íslandi um þessar mundir og að háskólinn, fyrirtæki og Reykjavíkurborg velti fyrir sér hvernig megi efla rannsóknir og þróunarstarfsemi í tengslum við Háskóla Íslands.

Menntun háskólakennara.

Í Árbók Háskóla Íslands fyrir háskólaárið 1980—1981 er að finna skrá er sýnir menntun kennara við háskólann eftir stúdentspróf. Þar kemur berlega í ljós hve fjölbætt það undirbúningsstarf er sem menn hafa lagt af mörkum til þess að gera sig hæfa til háskólakennslu og rannsókna. Þar kemur t. d. fram að 91 af 230 kennurum skólans hefur doktorspróf frá 42 mismunandi háskólum, og það yfirleitt þeim bestu í heiminum á þeirra sviði. Það er því augljóst að við háskólann er saman kominn mikill þekkingarforði sem klaufaskapur er að ríkið og Reykjavíkurborg nýti ekki sem best til rannsókna á sviði nýjunga og tækni.

Skipting tekna Háskóla Íslands og rannsóknarstarfsemi.

Eins og kunnugt er nýtur háskólinn þess að hafa Happraetti Háskóla Íslands að bakhjarli. Hann fær 80% af tekjuafgangi þess en 20% (eða andvirði þeirra) renna til annarrar rannsóknarstarfsemi í landinu. Lætur nærri að 15% af tekjum H. Í. komi frá happraettinu, 80% úr ríkissjóði og 5% eru þjónustutekjur. eru þá ekki taldar með tekjur Háskólabíós og Reykjavíkुरapóteks sem háskólinn rekur. Reyndar er þessi mikli fyrirtækjarekstur óvenjulegur á evrópska vísu. Sé borið saman við aðra skóla er skiptingin við Tækniháskólann í Stokkhólmi sú að 67% tekna koma á fjárlögum, 28% frá rannsóknarráðum og 5% eru þjónustutekjur. Við Minnesotaháskóla er $\frac{1}{3}$ tekna frá fylkinu, annar þriðjungur frá alríkisstjórninni (mest samkvæmt rannsóknarsamningum) en afgangurinn er skólalgjöld og ýmsar aðrar tekjur.

Svo við hverfum aftur til Íslands þá eru að sjálfsögðu í gangi fjölmörg rannsóknarverkefni og þarf ekki annað en líta á Árbók Háskóla Íslands og ársskýrslur stofnana hans til að sannfærast um það. Tekjur af útseldri þjónustu eru mestar af Reiknistofnun háskólans en um helmingur tekna hennar er frá utanskólaaðilum en síðan frá stofnunum í verkfræði- og raunvísindadeild og læknadeild. Raunvísindastofnun háskólans hefur sérstakan fjárhag og þar eru rannsóknir á tæknisviðinu lengra komnar og fjölbættari en í hinni ungu Verkfræðistofnun. Rétt er að vekja hér athygli á því hvernig fjárveitingum til rannsókna á Íslandi er háttað. Árið 1981 er talið að 76,3% af fénu hafi komið frá opinberum aðilum, 19,4% frá einkafyrirtækjum og 4,3% frá erlendum aðilum. Jafnframt er talið að það ár hafi 86,8% af rannsóknum verið framkvæmd af opinberum stofnunum (þar með töldum æðri menntastofnunum). Hlutur hins opinbera er því miklu meiri hér á landi en annars staðar. Er því ekki óeðlilegt að leitað sé leiða til þess að virkja fyrirtækin meira en áður til beinnar þátttöku í rannsóknarstarfi og þróun tækninýjunga.

Nokkur dæmi um hvað er að gerast annars staðar.

Aðstæður eru á einhvern hátt sérstæðar í hverju landi jafnvel við hvern einstakan háskóla og því hafa verið farnar margar mismunandi leiðir til að efla rannsóknir og atvinnulíf. M. a. er væntanleg skýrsla frá OECD þar sem dæmi um mismunandi samvinnu eru rakin. Það er ekki unnt að gefa einhverja ákveðna formúlu fyrir því hvernig á að stofna vel heppnuð fyrirtæki og græða á nýjungum. Það virðist þó að saman verði að fara nálægð við góðan háskóla á tæknisviðinu, verkkunnátta, markaðsþekking, dirfska og áhættufé. Þekktustu dæmin sem nú jafnvel eru orðin klassísk eru frá Silicon Valley kringum Stanford-háskólann á San Fransiscosvæðinu og „Vegur 126“ nálægt Massachusetts Institute of Technology (MIT) í Boston og Cambridge á Nýja-Englandi í Bandaríkjunum. Í Evrópu má einnig nefna Cambridge í Englandi, Kista nálægt Tækniháskólanum í Stokkhólmi, fyrirtæki í kringum Chalmers-tækniháskólann í Gautaborg, Uleåborg í Norður-Finlandi. Að því er varðar samstarf milli háskóla og sveitarfélaga eru mér efst í huga „vísindagarðar“ í Bretlandi og það samstarf milli háskóla og sveitarfélaga sem nú er í gangi á Norðurlöndum og er þar einna nýjast Idéon í Lundi þar sem ýmis stórfyrirtæki hafa ákveðið að reisa byggingar og verja fé til rannsóknarstarfsemi.

Rétt er að greina þetta frá því sem ég vildi nefna þróunarmiðstöðvar við háskólana sjálfa eins og SINTEF í Þrándheimi sem er eins konar þróunarfyrirtæki í eigu háskóla, iðnaðarsamtaka og ríkisins.

Samanburður á Massachusetts og Svíþjóð.

Svo vill til að nýlega var gerður samanburður á þróun hátækniíðnaðar í Massachusetts í Bandaríkjunum annars vegar og í Svíþjóð hins vegar. Í því skyni að reyna að einangra þær forsendur sem stuðlað gætu að framförum á þessu sviði ætla ég að fara um þetta nokkrum orðum. Ástæðan fyrir því að Massachusetts var valið til samanburðar við Svíþjóð er sú að fólksfjöldi er svipaður. Áþekkur fjöldi starfsmanna er í tækniiðnaði, um 250 þús. Á báðum stöðum eru laun tiltölulega há, menntastig hátt o. s. frv. Í ljós kom að erfitt var að finna einhverja tiltekna gerð fyrirtækis sem var líkleg til þess að verða ofan á eða undir. Þau atriði sem virtust mestu máli skipta voru víðfeðm stjórnunarþekking, þ. e. kunnátta bæði á markaðssviðinu og tæknisviðinu, svo og aðgangur að áhættufé. Almenna reglan er sú að það eru nýju fyrirtækin sem eru í fararbroddi með nýja tækni og hugmyndir þótt stórfyrirtækin kaupi þau ósjaldan upp síðar. Það gæti að vísu brenglað tölunum að hugvitsmenn sem starfað hafa við stórfyrirtækin hverfi á braut og stofni sín eigin fyrirtæki. Bandarísku fyrirtækin höfðu meira fé milli handanna í byrjun og fjármagnsmarkaður er þar virkari en í Svíþjóð. Hins vegar gegndu stórfyrirtækin í Svíþjóð því hlutverki að útvega minni fyrirtækjunum fé með því að ráða þau sem undirverktaka. Í Massachusetts þekktu allir alla en það kom mér á óvart að í Svíþjóð vissi einn ekki hvað annar var að gera á sama sviði. Nálægð við tækniháskóla skipti miklu máli báðum megin Atlantshafsins. Má í því sambandi nefna að af hverjum 10 nýjungum komu sex hugmyndir frá kaupendum, 3 frá háskólunum og 1—2 annars staðar frá.

Háskóli Íslands og Reykjavíkurborg.

Reykjavíkurborg veitti Háskóla Íslands gífurlegan styrk með hinni höfðinglegu gjöf háskólalóðar á 50 ára afmæli hans 1961. Það er þó fyrst nýlega að formlegt samstarf við Reykjavíkurborg hefur hafist með því að háskólinn og Reykjavíkurborg hafa ráðið sér starfsmann sameiginlega til þess að vinna að eflingu hátækniíðnaðar á Reykjavíkursvæðinu. Sömuleiðis var tekið tillit til þess við samninga háskólans, ríkisins og Reykjavíkurborgar um framtíðarafnot af Keldnaholtinu að þar gætu risið stofnanir og fyrirtæki sem hefðu hag af nálægð við háskólann og rannsóknarstofnanir atvinnuveganna á Keldnaholti.

Þróunarmiðstöð Háskóla Íslands og fyrirtæki í tengslum við hana.

Í Háskóla Íslands er nú verið að vinna að fjölda áhugaverðra þróunarhugmynda á sviði rafeindatækni, hugbúnaðar og líftækni o. fl. sem geta leitt til framleiðslu á nýjum háþrúðum iðnaðarvörum til sölu heima og erlendis. Á fjölmörgum tæknisviðum eru ekki starfandi á Íslandi fyrirtæki sem geta notfært sér og styrkt rannsóknarstarfsemi í landinu. Það er áhugavert að stuðla að stofnun slíkra fyrirtækja svipað og gert hefur verið erlendis. Einnig má geta þess að margir efnilegir Íslendingar eru nú í framhaldsnámi erlendis og er mikilvægt að þeir nýtist vel þegar heim kemur að námi loknu. Auk þess hefur ekki farið fram hjá neinum að þriðji hver Íslendingur hefur nú nám í Háskóla Íslands og þann mannaúð þarf að virkja ekki síður en fallvötnin, jarðhitann, sjávarafla og landbúnaðarvörur.

Þjónusturannsóknir og tilraunir í háskólanum eru orðnar það fjölpættar að nauðsynlegt er að beina þeim í skipulegan farveg. Hin opna frjálsa rannsóknarstarfsemi við háskóla hentar heldur ekki alltaf þegar komið er út í harða samkeppni þar sem vinna þarf hratt, með leynd og fyrir áhættufé. Einnig þarf að leysa ýmis flókin höfundarréttarmál jafnframt því sem virkja þarf einstaklingsframtakið í rannsóknum og framleiðslu.

Eftir viðræður við menn innan og utan háskólans er ég um þessar mundir að vinna að stofnun þróunarmiðstöðvar eða þróunarfyrirtækis Háskóla Íslands. Markmiðið yrði að efla hagnýtingu rannsókna við háskólann, nýsköpun og vöruþróun á sviði hátækniiðnaðar með því að auðvelda starfsmönnum háskólans að koma hugmyndum sínum í framkvæmd með bættri starfsaðstöðu og starfslíði, með ráðgjöf á sviði markaðsmála og nægilegu áhættufé til að stunda markvissa og öfluga þróunarstarfsemi; að efla nýsköpun og fjölbreytni í íslensku atvinnulífi og stuðla að eflingu háþróaðra iðngreina hérlandis til að fjölga atvinnutækifærum fyrir háskólamenntaða menn og aðra þegna þjóðfélagsins; að efla möguleika á áhugaverðum störfum við háskólann fyrir íslenska námsmenn þegar þeir koma aftur heim frá sérfræðinámi erlendis. Fyrirtækið heyrði undir háskólaráð en væri sameign háskólans, fyrirtækja og fjármálastofnana. Það starfaði á viðskiptalegum grundvelli eftir deildum og annaðist samninga við aðila innan og utan skólans. Það yrði því eins konar umsýsluadili sem ekki framkvæmdi rannsóknir sjálf nema þá að litlu leyti. Leiði þróunarstarfsemin til söluhæfra hugmynda gæti það síðar leitt til stofnunar fyrirtækja samkvæmt almennri löggjöf þar sem eignaraðild gæti verið með ýmsum hætti, þ. e. a. s. gæti verið eign háskóla og fyrirtækja eða þá einstakra háskólakennara í samvinnu við ýmsa aðila eða jafnvel alfarið í eigu utan-skólaaðila. Ég tel heppilegast, a. m. k. á þessu stigi, að ríki og Reykjavíkurborg eigi ekki beina aðild að þróunarmiðstöðinni. Hins vegar hlýtur fé og aðstaða að koma frá þeim með ýmsum hætti. Ég bind miklar vonir við samstarf af þessu tagi og trúi því að með því sé unnt að flýta þróun hugmynda um mörg ár sem út af fyrir sig er yfirleitt bráðnauðsynlegt í þeirri hörðu samkeppni sem ríkir á flestum sviðum. Sömuleiðis bind ég miklar vonir við að við getum haslað okkur völl á sviði ýmiss konar hugbúnaðar. Í slíkum tilvikum skiptir afskekkt lega landsins ekki miklu máli. Svo vill til að sala hugbúnaðar á alþjóðamarkaði vex nú um 40% á ári þegar sala á hráefni stendur í stað eða jafnvel dregst saman. Einnig treysti ég því að þær aðgerðir sem gripið hefur verið til í efnahagsmálum og ráðgerðar eru til eflingar atvinnulífs í landinu verði til styrktar samstarfi milli háskóla og fyrirtækja. Á ég þar við hjöðnun verðbólgu og hækkun raunvaxta sem leiðir til meira framboðs á sparifé og áhættufé svo og þær breytingar á hlutafjárölggjöf og lögum um viðskiptabanka sem væntanlegar eru. Allar tilraunir koma ekki til með að takast — það væru þá ekki tilraunir. En höfum við efni á að gera þær ekki?